

Föstudaginn 13. okt. 1933.

Nr. 8/1933. **Guðmundur Guðmundsson**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps

(Gústaf A. Sveinsson).

Endurgreiðsla útsvara. Stefnandi útsvarsskyldur annarsstaðar.

Dómur gestaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. febr. 1933: Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps á að vera sýkn af kærur og kröfum stefnanda, Guðmundar Guðmundssonar, bónda á Móum í Kjalarneshreppi.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Vorið 1927 tilkynnti áfrýjandi lögreglustjóra Reykjavíkur, að hann flytti sig úr bænum að Litlabæ á Seltjarnarnesi og teldi eftirleiðis lögheimili sitt þar. Samtímis tilkynnti hann hlutaðeigandi lögreglustjóra innflutning í Seltjarnarneshrepp og þar taldi hann fram tekjur sínar af eign og atvinnu. Þetta gaf tilefni til þess að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps lagði útsvar á áfrýjanda vorið 1928, svo og árið 1929 og 1930. Þrátt fyrir þetta lagði niðurbjörgunarnefnd Reykjavíkur útsvar á áfrýjanda þessi sömu ár, og þar sem áfrýjandi neitaði að greiða útsvar í Reykjavík, krafðist bæjargjaldkerinn, að útsvarið 1928 yrði tekið lögtaki, og gekk dómur í útsvarsmálinu í hæstarétti hinn 29. apríl 1931. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að það væri sannað í málinu að áfrýjandi hafi haft löglegt heimilisfang í Reykjavík er manntalið var tekið haustið 1927 svo og þegar útsvarið

var lagt á hann vorið 1928, að niðurjöfnunarnefnd hafi því haft heimild til þess samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna að leggja útsvar á áfrýjanda nefnt ár og að sumardvöl áfrýjanda í Litlabæ hafi eigi skapað honum löglegt heimili þar á þeim tíma, er útsvarið var lagt á hann og kæmi því undantekningar-ákvæðið í d. lið 8. gr. útsvarslaganna eigi til greina. Var því lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtak á útsvarinu.

Eftir að dómur þessi hafði gengið krafðist áfrýjandi þess, að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps endurgreiddi honum útsvörin 1928, 1929 og 1930, er hann þá hafði greitt, en þar sem hreppsnefndin taldi sér eigi skylt að verða við þessari kröfu, höfðaði áfrýjandi mál þetta á hendur henni fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurgreiðslu á útsvörunum, samtals að upphæð 1928 kr. ásamt nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði. Lauk máli þessu svo með dómi gestaréttarins 7. febr. þ. á. að hreppsnefndin var sýknuð og málskostnaður látinn niður falla.

Þessum dómi hefir áfrýjandi nú skotið til hæstaréttar og gerir hann hér fyrir réttinum allar hin- ar sömu kröfur og fyrir gestaréttinum, svo krefst hann og málskostnaðar í hæstarétti. Hin stefnda hreppsnefnd krefst þess hinsvegar að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Hreppsnefndin byggir neitun sína á endurgreiðslu útsvarsupphæðarinnar á því, að það hafi byggzt á framkomu áfrýjanda, að útsvar var á hann lagt í hreppnum, hann hafi sjálfur tilkynnt flutning sinn inn í hreppinn og hann hafi greitt útsvörin á réttum gjalddaga. Að visu viðurkennir

oddviti hreppsnefndarinnar að sér hafi verið kunnugt um álagningu útsvaranna í Reykjavík, en hann neitar því afdráttarlaust, að hann hafi nokkurntíma sagt áfrýjanda að útsvörin í Seltjarnarneshreppi yrðu endurgreidd, ef hann, áfrýjandi, yrði dæmdur til útsvarsgreiðslu í Reykjavík eða að áfrýjandi hafi gert nokkurn áskilnað í þessa átt, er hann greiddi útsvörin.

Með framangreindum hæstaréttardómi 29. apríl 1931 hefir, svo sem þegar er sagt, verið ákveðið, að áfrýjandi hafi verið útsvarsskyldur í Reykjavík árið 1928, og þar sem það er grundvallarregla útsvarslaganna, að ekki megi leggja útsvar á mann nema á einum stað og undantekningarákvæðið í d. lið 8. gr. útsvarslaganna kemur hér eigi til greina, þá leiðir það af nefndum dómi að áfrýjandi hafi ekki verið útsvarsskyldur í Seltjarnarneshreppi árið 1928 og þykir hann því eiga heimtingu á að fá útsvarið endurgreitt þrátt fyrir framkomu sína gagnvart hreppsnefndinni.

Þessari niðurstöðu getur það ekki breytt, þótt áfrýjandi hafi greitt útsvarið án fyrirvara, enda mátti hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, sem gera verður ráð fyrir að hafi þekkt hvernig veru áfrýjanda í Litlabæ var háttað, vera það ljóst að útsvarsskylda áfrýjanda í Seltjarnarneshreppi væri mjög hæpin, þrátt fyrir búsetuyfirlýsingu hans þar.

Þótt dómur hafi eigi gengið um útsvarsskyldu áfrýjanda í Reykjavík árin 1929 og 1930, verður eftir málflutningunum hið sama að gilda um endurgreiðslu útsvaranna fyrir þau ár eins og um endurgreiðslu útsvarsins fyrir árið 1928.

Af greindum ástæðum ber því að fella hinn á-

frýjaða gestaréttardóm úr gildi og dæma hina stefndu hreppsnefnd til fyrir hönd sveitarsjóðs að endurgreiða áfrýjanda umgetin útsvör samtals kr. 1928,00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 16. júní 1932 til greiðsludags.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinni stefndu, hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, ber fyrir hönd sveitarsjóðs, að greiða áfrýjanda, Guðmundi Guðmundssyni, 1928 kr. með 5% ársvöxtum frá 16. júní 1932 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, útgefinni 16. júní f. á., hefir Guðmundur Guðmundsson, bóndi í Móum í Kjalarneshreppi, krafizt þess, að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps í Kjósarsýslu, verði dæmd til þess að endurgreiða honum kr. 1928,00, útsvör, er hann á árunum 1928, 1929 og 1930 hafi greitt í hreppssjóð, er samkvæmt dómi hæstaréttar 29. apríl 1931, séu ranglega á hann lögð vegna þess, að hann eigi hafi verið útsvarsskyldur í hreppnum greind ár, en hann greitt útsvör þessi í þeirri trú að svo væri. Ennfremur krefst stefnandinn þess, að hin stefnda hreppsnefnd verði dæmd til þess að greiða honum 5% ársvexti af kr. 650,00 frá 21. marz 1929, af kr. 400,00 frá 1. okt. 1929, af kr. 878,00 frá 25. apríl 1931, allt til greiðsludags, og loks málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Byggir stefnandi endurgreiðslukröfur sínar á því, að með greindum hæstaréttardómi sé því slegið föstu, að hann á umræddu tímabili hafi að eins átt lögheimili í Reykjavík og honum gert að greiða þar útsvar af öllum eignum hans og tekjum. Auk þess heldur stefnandi því fram, að oddvita hreppsnefndarinnar hafi verið kunnugt um útsvarsálagningu á sig í Reykjavík og hann látið þess getið um leið og hann tók við útsvarsgreiðslunum, að útsvarið mundi verða endurgreitt strax og dómur félli um það, að honum bæri að greiða útsvar til Reykjavíkurbæjar, og umboðsmaður stefnanda í máli þessu heldur því og fram, að oddvitinn hafi einnig í hans áheyrn gefið þetta í skyn, eða skýlaust loforð hér um.

Fyrir endurgreiðsluskyldu stefnds telur og stefnandinn vera hliðstæði í fyrirmælum 27. gr. útsvarslaganna, um lækkun yfirskattanefndar á útsvörum, eða breytingu á þeim, og loks telur hann endurgreiðsluskylduna liggja í hlutarins eðli, eða hún verið í samræmi við almennar endurgreiðslukröfur.

Með því að stefnandinn lét innfæra sig sem heimilisfastann í hreppnum, og tilkynnti í Reykjavík, að hann væri þaðan fluttur búferlum, gaf upp tekjur sínar af eign og atvinnu til skattanefndar hreppsins, sem hreppsnefnd lagði til grundvallar við álagning útsvara árlega, getur eigi verið um ólöglega útsvaraálagningu á stefnanda að ræða, eftir því sem fyrir lá í hvert skipti, heldur miklu fremur skylda hreppsnefndar, að leggja á hann útsvörin sem aðra heimilisfasta gjaldendur hreppsins. Getur það og eigi talizt trúlegt, að stefnandinn, sem eigi heldur kærði útsvörin, hafi greitt þau með nokkrum sérstökum fyrirvara um endurgreiðslu, og sönnun vantar nægilega, gegn eindregnum mótmælum oddvita hreppsins, um það, að hann hafi gefið loforð um endurgreiðslu á útsvörunum, ef dómur félli um það, að stefnandinn teldist útsvarsskyldur í Reykjavík, eða ádrátt um það, og um analogi af fyrirmælum útsvarslaganna, 27. gr., virðist eftir atvikum eigi vera að ræða, né nokkur bein eða óbein fyrirmæli um endurgreiðslu, þegar svo er ástatt sem hér, að útsvarsálagningin hefur á sínum tíma verið lögmæt, og því ekki að búast við heimild í útsvarslögunum sjálfum, eða skyldu til endurgreiðslu útsvaranna, og *condictio indebiti* verð-

ur naumlega heimfærð upp á viðskipti þessi, sem eru lög-
bundin. —

Það virðist því eiga að sýkna hina stefndu hrepps-
nefnd af kærum og kröfum stefnanda í máli þessu. —

Málskostnaður virðist eiga að falla niður, eftir atvikum.

Mánudaginn 16. okt. 1933.

Nr. 56/1933. Sveinn Bjarnason, f. h. Kára Bald-
vinssonar (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Skiptaráðandanum í Eyjafjarðar-
sýslu, f. h. Þrotabús Sigurðar Jó-
hannessonar og Steingrími Guð-
mundssyni. (Enginn).

Ómerking.

Úrskurður skiptaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyr-
arkaupstaðar 25. nóv. 1932:

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir í máli þessu með stefnu, dags. 7.
júni s. l., og að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. s. d.,
skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í
skiptarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaup-
staðar 25. nóv. 1932. Af hálfu hinna stefndu hefir
eigi verið mætt í hæstarétti og hefir málið því ver-
ið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna
og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3.
júni 1796.

Skiptaréttargerðir þær, sem fram eru lagðar í
málinu, sýna það eigi, að sáttatilraun hafi farið
fram um ágreiningsatriðið, eins og fyrir er skipað
í 38. gr. skiptalaga 12. apríl 1878, og verður því ex
officio að dæma hinn áfrýjaða úrskurð ómerkan.